



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og barnalögum (ríkisfangsleysi). (Þingskjal 205 — 133. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og barnalögum (ríkisfangsleysi)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Mjög mikilvægt er að vinna gegn ríkisfangsleysi fólks því mannréttindi fólks verða ekki tryggð öðruvísi en að fólk hafi ríkisfang og sé skráð borgarar tiltekins ríkis sem ber ábyrgð á að tryggja því framfylgd réttinda þeirra.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt eru að mati Barnaheilla óþarflega flókin og mætti gjarnan endurskoða í heild sem fyrst.

Þær tillögur til breytinga sem fram koma í þessu frumvarpi eru einnig að nokkru leyti óþarflega flóknar og ekki til þess fallnar að gera fólki auðvelt að skilja hver réttur þess til íslensks ríkisfangs er, sérstaklega ekki einstaklingum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Barnaheill hvetja Alþingi til að setja lög sem eru öllum skiljanleg svo borgarar landsins geti þekkt rétt sinn og sótt hann.

Eftirfarandi hugrenningar vilja samtökin setja fram í umsögn þessari:

- 1) Er munur á hugtökunum ríkisfang og ríkisborgararéttur? Ef til vill er rétt að skýra hugtökin í lögnum.
- 2) Um 2. grein frumvarpsins: Hvers vegna er miðað við að einstaklingur sem fæddur hefur verið hér á landi verði að tilkynna skriflega um ósk sína að vera íslenskur ríkisborgari fyrir 21 árs aldur? Hvers vegna þetta aldursviðmið? Þó það sé viðmið í samningum Sameinuðu þjóðanna sem stefnt er að því að fullgilda, er þörf á því að hafa þessa takmörkun? Það er að mati Barnaheilla mikilvægt að skýra betur röksemdir þessa aldursviðmiðs.
- 3) Um það skilyrði að einstaklingur þurfi að hafa dvalist hér á landi samfleytt í 3 ár til að geta hlotið ríkisfang skv. 1. mgr. 1. gr. a (2. mgr. 2. gr. frv.), hver eru rökinn fyrir því skilyrði? Hví er ekki nóg að einstaklingur hafi fæðst hér á landi, sé ríkisfangslaus og kjósi að vera íslenskur ríkisborgari.
- 4) Gott er að sjá breytingu gerða á 2. gr. að barn undir 18 ára aldri öðlist íslenskt ríkisfang við ættleiðingu í stað undir 12 ára áður.
- 5) Samtökin fagna ákvæði 4. gr. frumvarpsins þar sem samráð við barn er lögfest.
- 6) Væri e.t.v. eðlilegra að sameina 2. mgr. 10. gr. laganna, 5. grein laganna? Ef 1. mgr. 10. gr. fellur brott eins og lagt er til í frumvarpinu stendur 2. mgr. ein eftir og virðist samhengislaus.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því að fullgilda eigi samninga Sameinuðu þjóðanna sem vinna gegn ríkisfangsleysi og vilja að sjálfsögðu styðja við að börn fái ríkisfang strax við fæðingu eða eins fljótt og mögulegt er. Samtökin leggja til heildarendurskoðun á lögum um íslenskan ríkisborgararétt til einföldunar og skýrleika fyrir þá borgara sem þurfa að sækja réttindi sín. Þó standa samtökin ekki gegn því að þær breytingar sem hér eru lagðar til gangi í gegn ef breytingarnar leiða til þess að liðka fyrir því að ríkisfangslaus börn og fjölskyldur þeirra öðlist íslenskt ríkisfang sækist þau eftir því.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Afar mikilvægt er að öll börn njóti mannréttinda sinna án mismununar af nokkru tagi. Samtökin minna á að allar ákvarðanir sem varða börn þarf að meta fyrirfram með það sem barni er fyrir bestu í forgrunni og byggja ákvarðanir á því.